

Pétur I Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. september 2012
Tilvísun: UST20120600081/ksj

Lýsing fyrir deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku við Þingvallavatn í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu deiliskipulags frístundabyggðar í landi Skálabrekku í Þingvallasveit.

Afmörkun svæðis og stærð

Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar Þingvallasveit 2004 – 2016 er gert ráð fyrir frístundabyggð í landi Skálabrekku við Þingvallavatn, og þar er tillaga á þemakorti um hugsanlega stækkun á frístundabyggðasvæðinu. Í lýsingu deiliskipulags frístundabyggðar í landi Skálabrekku er afmörkun væntanlegs deiliskipulagssvæðis sýnd og fram kemur að stærð svæðisins er áætluð 36 ha. Að mati Umhverfisstofnunar er svæðið sem sýnt er í lýsingu mun stærra en gert er ráð fyrir í samþykktu aðalskipulagi Bláskógabyggðar – Þingvallasveitar 2004 – 2026.

Umhverfisstofnun telur að deiliskipulag nýrrar frístundabyggðar í Skálabrekku skuli ekki ná yfir stærra svæði en sýnt er í aðalskipulagi, og telur því að deiliskipulagið sem fjallað er um í ofangreindri lýsingu sé ekki í samræmi við samþykkt aðalskipulag sveitarfélagsins.

Lýsing staðhátta

Í lýsingu staðhátta kemur ekki fram að deiliskipulagið sem lýsingin fjallar um liggar að Þingvallavatni og er innan verndarsvæðis Þingvallavatns. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem svæðið er innan marka verndarsvæðis Þingvallavatns gilda um það lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í 3. gr. laga nr. 85/2005 segir: „*Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.*“ Einnig er vísað í reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns um nánari reglur. Í ofangreindri reglugerð eru 4 meginreglur þar á meðal eftirfarandi regla er varðar uppbyggingu frístundabyggða á svæðinu: „*Við skipulag frístundabyggðar, útvistar og umferðar skal þess gætt að mengunarhætta og röskun lífríkis Þingvallavatns verði sem minnst.*“

Frárennsli

Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns koma fram kröfur varðandi frárennsli á verndarsviði Þingvallavatns. Hreinsikrökfur eru nokkuð ljósar í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatn. Í 15. og 18. grein reglugerðar 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatn kemur skýrt fram að Þingvallavatn er viðkvæmt fyrir köfnunarefni og því þarf skólp að vera hreinsað með ítarlegrí hreinsun með tilliti til köfnunarefnis. Í grein 7.2 í reglugerð 798/1999 kemur fram að það þarf að ná fram lækkun á köfnunarefni sbr. töflu í fylgiskjali 4. og þá er almennt gert ráð fyrir að skólphreinsistöðvar hreinsi 70-80% af köfnunarefnum úr skólpi eða að styrkur þess verði ekki meira en 15 mg/l. Að mati Umhverfisstofnunar skal taka tillit til ofangreinds við áætlun um frárennsli nýrrar frístundabyggðar. Að mati Umhverfisstofnunar myndi sameiginleg safnþró sem væri tæmd reglulega ná best þeim markmiðum er fram koma í ofangreindum reglugerðum.

Forsendur


Í umfjöllun um forsendur kemur fram að uppbygging hafi mjög jákvæð áhrif á alla atvinnustarfsemi á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf í greinargerð með tillögu að deiliskipulagi áætlaðs frístundasvæðis einnig að koma fram umfjöllun um áhrif uppbyggingar á náttúru svæðisins og gróður og áhrif á Þingvallavatn. Umhverfisstofnun bendir einnig á að á loftmynd þar sem markað er svæði frístundabyggðar í landi Skálabrekku er skipulagssvæðið sýnt alveg niður að vatnsbakka Þingvallavatns. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram í gr. 4.15.2 eftirfarandi: „*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan péttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*” Einnig kemur fram í 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eftirfarandi: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.*”

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að áætlað svæði fyrir frístundabyggð í landi Skálabrekku nái yfir stærra svæði en sýnt er í samþykktu aðalskipulagi sveitarfélagsins og er því ekki í samræmi við það. Umhverfisstofnun bendir á að allar framkvæmdir innan verndarsvæðis Þingvallavatns skulu vera í samræmi við lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og í samræmi við reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns ásamt síðari breytingum.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Áðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur